



Stjórnarráð Íslands
Félags- og vinnu-
markaðsráðuneytið



SAMBAND SVEITARFÉLAGA Í SUÐURNESJUM



Stöðuskýrsla



**VELFERÐARNET
SUÐURNESJA**

September 2023



Efnisyfirlit

Inngangur	3
Upphaf Velferðarnets Suðurnesja	3
Verkefni Velferðarnets Suðurnesja	6
1.1 Fjölmening auðgar	6
1.2 Framlínuheimsóknir	8
1.3 Rafræn þjónustunámskeið	10
1.4 Rafræn skilríki fyrir flóttafólk	11
1.5 Þjónustuúttekt á tilteknum bíðlistum	13
1.6 Virkniúrræði hjá Hjálpræðishernum	14
1.7 Virkniþing Suðurnesja 2022	17
1.8 Námskeið og fyrirlestrar hjá Einhverfusamtökunum	21
1.9 Námskeið og fyrirlestrar hjá ADHD samtökunum	23
1.10 Spjaldtölvur í framlínu sveitarfélaga og stofnana	24
1.11 Rannsókn Félagsvísindastofnunar	26
1.12 Velkomin til Suðurnesja	27
1.13 Velferðarnet Suðurnesja á ráðstefnu í Malmö	28
1.14 Örkygning á samráðsþingi í Hörpu	29
Fjárhagsáætlun 2024	29

Inngangur

Velferðarnet Suðurnesja er samstarfsverkefni sveitarfélaganna á Suðurnesjum og fjögurra ríkisstofnana sem eru í beinni þjónustu við íbúa á Suðurnesjum, þ.e. Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja, Lögreglustjórans á Suðurnesjum, Sýslumannsins á Suðurnesjum og Vinnumálastofnunar. Með Velferðarnetinu er unnið að heildrænni velferðarþjónustu á Suðurnesjum þar sem opinberar þjónustustofnanir ganga í takt.

Meginmarkmið Velferðarnetsins er að styrkja og auka nýsköpun á grundvelli sjálfbærni í þjónustu við íbúa á sviði félags-, heilbrigðis- og menntamála hjá opinberum stofnunum á Suðurnesjum. Þannig er unnið að því að auka ávinning íbúa af því að nýta sér opinbera þjónustu, auðvelda aðgengi að þjónustu og upplýsingum.

Velferðarnetið er jafnframt tengslanet allra þessara opinberu aðila sem telja um 2.500 manns, net sem má einnig líta á sem heildstæða og samræmda þjónustukeðju þessara aðila. Með tengslanetinu gefst okkur tækifæri til að byggja upp kunnáttu og þekkingu starfsfólksins, ýta undir þekkingu íbúa á þjónustu og upplýsingagjöf.

Velferðarnet Suðurnesja er leitt af Reykjanesbæ í nánu samstarfi við Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum. Velferðarnetið hefur einn starfsmann sem heldur saman starfshópi sem samanstendur af fulltrúum allra sveitarfélaganna og hefur fulltrúa til samráðs frá ríkisstofnununum fjórum.

Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið er í eigendahópi Velferðarnetsins, enda hefur ráðuneytið komið að fjármögnun verkefnisins, auk fjármagns úr aðgerð stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir árin 2022 til 2036 í gegnum innviðaráðuneytið.

Upphaf Velferðarnets Suðurnesja

Upphaf Velferðarnets Suðurnesja má rekja til aðgerða sem settar voru fram í [stöðumati og aðgerðaáætlun um eflingu þjónustu ríkisins á Suðurnesjum](#) frá maí 2020. Þar voru tvær aðgerðir sem voru unnar sem eitt verkefni; (2) Sterk framlína í krafti fjölbreytileikans og (3) Þverfaglegt landshlutateymi (Velferðarstofa). Þriðja aðgerð aðgerðaáætlunarinnar sem hefur nýst til verkefnisins var 8. aðgerðin sem sneri að samfélagsgreiningu.

Á verkefnatímanum var Velferðarnetið styrkt enn frekar með aðkomu aðgerðar A.4. úr stefnumótandi [byggðaáætlun](#) fyrir árin 2022 til 2036 sem féll að meginútgangspunkti verkefnisins.

Markmið aðgerðanna beggja var að efla þjónustu við íbúa og samræma þjónustuna eins vel og mögulegt væri með velferð og lífsgæði íbúa í fyrirrúmi. Upplýsingagjöf ætti ávallt að taka mið af því að íbúar skilji litla íslensku og viti lítið um þjónustukerfin.

Strax var farið að vinna að aðgerðinni sem sneri að samfélagsgreiningum, enda mælingar og rannsóknir grunnur þess að mögulegt væri að vinna svo viðamikil verkefni. Gerður var samningur við Hagstofu Íslands til þess að geta betur gert grein fyrir samfélagsgerð og samfélagsþróun Suðurnesja. Mælaborð þess efnis hefur verið þróað og er það aðgengilegt öllum sem koma að Velferðarnetinu. Félagsvísindastofnun vann rannsókn um lífsgæði, líðan og virkni íbúa þar sem fyrirliggjandi þekking var kortlögð, spurningakönnun framkvæmd sem og rýnihóparannsókn. Skýrsluna má nálgast [hér](#).

Helstu niðurstöður rannsóknarinnar voru að íbúar voru fremur ánægðir með búsetu sína á Suðurnesjum, góður andi væri í sveitarfélögunum, fallett umhverfi og góðir skólar fyrir börn og unglinga. Félagsleg virkni íbúa á Suðurnesjum reyndist minni en íbúa á Íslandi almennt en greinilegt var að þeir íbúar sem voru félagslega virkir bjuggu við betri líðan og þá sérstaklega þeir sem stunduðu

menningarsókn af einhverju tagi. Jafnframt kom berlega í ljós að virkni á einum stað leiðir til frekari félagslegrar virkni, eins og til dæmis atvinnuþátttöku.

Viðhorf til innflytjenda voru jafnframt mæld í rannsókninni. Íbúar höfðu almennt jákvæð viðhorf til innflytjenda. Þó kom í ljós að fleira Suðurnesjafólk taldi of marga innflytjendur hafa komið til landsins á undanförunum árum og töldu innflytjendur ógna íslensku samfélagi. Þau sem þekktu innflytjendur persónulega voru jákvæðari í garð innflytjenda en aðrir. Áhugavert væri að endurtaka hluta af rannsókninni, þá sérstaklega þann hluta er snýr að viðhorfum til þjónustu og samfélags fjölbreytileikans.

Félagsvísindastofnun vann jafnframt samráð við notendur velferðarþjónustu á Suðurnesjum. Sú rannsókn gaf innsýn í viðhorf íbúa á Suðurnesjum til fjölbreyttrar þjónustu í velferðar- og menntamálum. Helstu niðurstöður þar voru að notendur voru almennt mjög ánægðir með þá þjónustu sem þeir höfðu fengið og þá helst með starfsfólkið sem hafði komið að aðstoðinni. Þó kom fram að notendur töldu tengslanet skipta máli þegar kom að aðgengi og gæðum þjónustu. Þátttakendur töldu þau sem þekktu vel til kerfisins eða sérfræðinga á vettvangi fá betri þjónustu en aðrir sem þekktu ekki eins vel til. Nánar er fjallað um rannsóknina síðar í þessari stöðuskýrslu.

Velferðarnetið gerði að auki greiningu á biðlistum í þjónustu í samvinnu við Samskiptastöðina. Helstu niðurstöður þar voru að meirihluti þátttakenda myndu vilja fá fræðslu á meðan á biðtíma stæði. Einnig kom í ljós að á biðlistunum var fólk sem var á röngum biðlista eða enn á biðlistanum þrátt fyrir að ekki væri lengur þörf fyrir þjónustuna af einhverjum ástæðum.

Ráðinn var verkefnastjóri sem hefur starfað innan verkefnisins frá apríl 2021. Verkefnastjórinn hefur haldið utan um verkefnið í heild og séð til þess að ferill þróunar verkefnisins sé skráður.

Eitt af fyrstu verkefnum verkefnastjórans var að skipuleggja málþing með öllum samstarfsaðilum sem fram koma í aðgerðum aðgerðaáætlunarinnar. Málþingið var haldið í september 2021 með um 40 þátttakendum. Þar voru aðgerðirnar kynntar og teknar umræður um sýn þátttakenda á þverfaglegri nálgun velferðarþjónustu. Niðurstöðum umræðuhópanna var skipt í sex þemu, þ.e. þjónustuviðmót, upplýsingagjöf, stafræna þjónustu, innra skipulag, samsköpun og samfélagslega virkni.

Niðurstöðurnar voru með víðtækum hætti en þó mikilvægar að því leyti að hóparnir voru samstíga um sameiginleg markmið. Meðal annars var rætt um að veita þurfi heildstæða þjónustu og endurskoða verkferla í sífellu með það fyrir augum að fækka skrefum í þjónustunni, hugsa út fyrir þann þjónusturamma sem hefur hingað til verið notaður, auka samráð við notendur og byggja þjónustuna upp út frá þörfum notenda en ekki kerfisins. Höfða skuli til allra skynfæra við framsetningu upplýsinga, þ.e. með texta, skýringarmyndböndum, myndmáli og upplestri með sérstakri áherslu á íbúa sem ekki tala eða skilja íslensku, ásamt skilvirkri upplýsingagjöf til framlínustarfsfólks. Varðandi stafræna þjónustu skuli ávallt huga að því að stafræn þjónusta eigi að auðvelda aðgengi íbúa að þjónustu. Varðandi innra skipulag; efla og þjálfa framlínustarfsfólk í framúrskarandi þjónustu, styðja og styrkja starfsfólk til þess að starfa í samfélagi fjölbreytileikans og undirbúa vel áherslubreytingar í þjónustu og stuðla að jákvæðu hugarfari starfsfólks. Út frá samsköpun; vinna í sameiningu að aukinni skilvirkni í þjónustu og upplýsingagjöf og miðla þekkingu hvers til annars, samnýta ferla þvert á sveitarfélög, svið og stofnanir sveitarfélaga, móta sameiginlega stefnu og verkferla varðandi móttöku og utnumhald íbúa af erlendum uppruna og vera meðvituð um hindranir í kerfinu, skrá niður og eiga samráð við viðeigandi aðila um möguleg umbótaverkefni. Varðandi samfélagslega virkni; veita fjölbreytta fræðslu til íbúa, stuðla að sjálfbærni í þjónustu, jafningjafræðslu og upplýsingagjöf, bjóða nýja íbúa sérstaklega velkomna og kynna framboð á afþreyingu og þjónustu með skilvirkum hætti og þjálfa íbúa til þess að nýta tækni í auknum mæli við upplýsingaleit og þjónustu.

Eftir málþingið var settur saman starfshópur með sveitarfélögunum og tengiliðir við ríkisstofnanirnar tilnefndir. Sá hópur, ásamt örlítið fleiri úr baklandi Velferðarnetsins, hittist á vinnustofu í lok nóvember 2021. Þar var farið í ferlagreiningar á þjónustu með því að leiða erkitýpur íbúa í gegnum þjónustuna.

Út frá ofangreindum gögnum vann starfshópurinn [nýsköpunaráætlun um þróun velferðarþjónustu á Suðurnesjum 2022](#) í samvinnu við tengiliði ríkisstofnananna. Sjö fjármagnaðar aðgerðir voru settar fram í áætluninni. Til þess að vinna að framkvæmd og framgangi aðgerðanna voru settir fram fjórir verkefnahópar sem hver um sig vann að tillögum að framkvæmdum og verkefnum sem lutu að einni til tveimur aðgerðum áætlunarinnar. Verkefnahóparnir fjórir nefndust 1) fræðsluteymi, 2) færniuppbyggingarteymi, 3) upplýsingateymi og 4) þjónustuferlateymi.

Hóparnir skiluðu af sér tillögum í júní 2022, eftir það fóru framkvæmdir á fullt skrið. Einhver verkefni voru þó þegar farin af stað.

Með þessari undirbúnings- og samráðsvinnu var tryggt að bakland Velferðarnetsins væri samstíga um vegferð verkefnisins. Lagðar voru línur sem unnið hefur verið eftir og mögulegt er að tengja allar aðgerðir Velferðarnetsins við þessa upphafsvinnu.

Þess ber að geta að engan skugga hefur borið á það samstarf sem hefur verið á milli sveitarfélaganna og ríkisstofnana, hópurinn hefur verið samstíga og átt opið samtal og samráð um þau verkefni sem greint verður frá hér í þessari stöðuskýrslu.

Samráðsfundur um framtíð Velferðarnets Suðurnesja verður haldinn 5. október 2023. Á þann fund hefur eftirfarandi aðilum verið boðið: Starfshópi Velferðarnets og þátttakendum í verkefninu, tengiliðum við ríkisstofnanir, Sambandi sveitarfélaga á Suðurnesjum, tengiliðum við félags- og vinnumarkaðsráðuneytið, yfirstjórnnum sveitarfélaganna og ríkisstofnananna, kjörnum fulltrúum í bæjarstjórn, velferðarráði og fræðsluráðum sveitarfélaganna og stjórnendum í velferðar- og skólaþjónustu sveitarfélaganna. Á þeim fundi verður farið yfir farinn veg og hvað hefur áunnist með kröftum Velferðarnetsins. Jafnframt verða mótuð sameiginleg drög að framtíðarsýn Velferðarnets Suðurnesja.

Verkefni Velferðarnets Suðurnesja

1.1 Fjölmening auðgar

Markmið og tilgangur

Eitt af meginmarkmiðum Velferðarnets Suðurnesja er að samstillta velferðarþjónustu og tryggja að framlína opinberrar þjónustu sé einstaklingsmiðuð út frá þörfum íbúa og samfélagi fjölbreytileikans. Til þess að vinna að slíkri samstöðu og styrkja opinbert starfsfólk í störfum sínum í samfélagi fjölbreytileikans var ákveðið að nýta námskefnið sem Fjölmeningarsetur hafði unnið með og fyrir símenntunarmiðstöðvar á Íslandi. Útbúið var kennsluefni sem ber heitið [Fjölbreytnin auðgar – Samtal um góða þjónustu í samfélagi margbreytileikans](#). Með kennsluefninu var lagður grunnur að námskeiði sem ætlað var starfsfólki ríkis og sveitarfélaga, þá sérstaklega þeim sem væru í framlínu þjónustustofnana og sérfræðinga í nærþjónustu.

Í fjölmenningsamfélagi er mikilvægt að auka meðvitund um þær áskoranir sem geta falist í ólíkri sýn og ólíkum venjum þannig að veita megi faglega þjónustu í samfélagi margbreytileikans. Markmiðið er að auka meðvitund um fjölmenningu og efla jákvæð samskipti í samfélagi með virðingu og vinsemd að leiðarljósi.

Með námskeiðunum var unnið að því að styrkja sterka heild opinberrar þjónustu á Suðurnesjum, tryggja notendavænt viðmót í þjónustu fyrir alla einstaklinga, vinna að vellíðan starfsfólks í síbreytilegu og margbreytilegu starfsumhverfi, bæta tengslanetið okkar og kynnast samstarfsfólki í öðrum stofnunum og ekki síst að vera fyrirmynd annarra sveitarfélaga.

Námskeiðið var í boði ókeypis fyrir starfsfólk Reykjanesbæjar, Suðurnesjabæjar, Grindavíkur, Sveitarfélagsins Voga, Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja, skrifstofu Vinnumálastofnunar á Suðurnesjum, lögreglunnar á Suðurnesjum, skrifstofu sýslumanns á Suðurnesjum og skrifstofu Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum.

Framkvæmd/Staða verkefnis

Verkefnið hófst í byrjun sumars 2022 þegar gerður var samningur við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum (MSS) um þróun kennsluefnisins, hýsingu og kennslu námskeiðanna. Fyrsta námskeið var haldið 24. ágúst 2022 og það síðasta 25. apríl 2023.

Um var að ræða einskiptis námskeið þar sem hvert námskeið var í þrjú klukkutíma, kennt á staðnum, og ýmist kennt fyrir eða eftir hádegi. Í flestum tilfellum var námskeiðið kennt í kennslustofu MSS en einnig var í boði fyrir stofnanir og starfseiningar að fá kennarana til sín. Það voru bæði opin námskeið í boði og hægt að bóka 12 til 25 manna hópa í einu.

Námskeiðið var í boði að kostnaðarlausu fyrir alla 2.500 starfsmenn þátttökustofnana Velferðarnetsins.

Niðurstöður/Árangur/Tölfræði:

Samtals voru haldin 62 námskeið, 15 opin námskeið og 47 hópnámskeið. Heildarfjöldi þátttakenda á námskeiðunum var 1109 manns. Meðalfjöldi á hverju námskeiði var 18 þátttakendur.

Það var ákveðin áskorun að ná til allra mögulegra þátttakenda, þeirra 2.500 starfsmanna í átta stofnunum. Nýttir voru tengiliðir í hverju sveitarfélagi og stofnun fyrir sig til þess að ná til þeirra, með misjöfnum árangri.

Almennt séð gekk betur að ná til þeirra sem starfa í dagvinnu heldur en þeirra í vaktavinnu, líkt og er hjá Lögreglunni og HSS. Leik- og grunnskólar sveitarfélaganna tóku mjög vel í námskeiðin og tók þátt starfsfólk úr öllum ellefu leikskólum Reykjanesbæjar, leikskólanum í Grindavík, öllum sjö grunnskólum Reykjanesbæjar og báðum grunnskólum Suðurnesjabæjar, ásamt öllu starfsfólki íþróttamannvirkja í Reykjanesbæ, Suðurnesjabæ og Grindavík.

Í töflunni hér að neðan má sjá skiptingu þátttakenda eftir stofnunum, hve margir luku námskeiðinu og hlutfall af starfsmannafjölda í hverri einingu fyrir sig, ásamt heildarhlutfalli sem luku námskeiðinu.

Þátttakendur - Fjölmennning auðgar samtals (25.apríl 2023)		
Stofnun/Sveitarfélag	Fjöldi lokið	Hlutfall af heild í hverri stofnun
Sýslumaðurinn á Suðurnesjum	20	95%
Reykjanesbær	818	63%
Vinnumálastofnun á Suðurnesjum	8	62%
Suðurnesjabær	158	42%
Grindavík	61	27%
Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	29	9%
Sveitarfélagið Vogar	7	8%
Lögreglan á Suðurnesjum	8	5%
Samtals fjöldi:	1109	
	Heildarhlutfall:	44%

Heildarþátttökuhlutfall er 44%, þ.e. 44% starfsmanna luku námskeiðinu af þessum 2.500 starfsmönnum í öllum átta stofnunum.

Í lok hvers námskeiðs voru þátttakendur beðnir um að svara stuttri spurningakönnun, þar voru eftirfarandi spurningar lagðar fyrir:

- Hvernig þótti þér uppsetningin á námskeiðinu?
- Hvað líkaði þér vel á námskeiðinu?
- Hvað þykir þér hafa staðið upp úr á námskeiðinu?
- Er eitthvað sem kom fram á námskeiðinu sem fær þig til að endurskoða eigin gildi og viðhorf í garð annarra?
- Er eitthvað sem þú hefðir viljað sjá öðruvísi?
- Myndir þú mæla með námskeiðinu við aðra samstarfsfélaga?
- Gefðu námskeiðinu stjörnur (einkunn) á bilinu 1-5.
- Er eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri?

715 þátttakendur svöruðu könnuninni, sem er 64% þátttökuhlutfall.

Að meðaltali gáfu þátttakendur í könnuninni námskeiðinu 4,6 stjörnu af fimm mögulegum. Það má því segja að þátttakendur hafi almennt verið ánægðir með námskeiðið.

Mikill meirihluti sagðist hafa lært eitthvað nýtt á námskeiðinu, en einnig að um góða áminningu og vitundarvakningu væri að ræða í því fjölmenningsarsamfélagi sem við búum í, að mikilvægast af öllu væri að bera virðingu fyrir fólki óháð uppruna eða öðru.

Í október 2023 er áætlað að senda út spurningakönnun á þá sem tóku þátt í námskeiðinu, þar sem athugað verður hvort og þá með hvaða hætti þau telja námskeiðið hafa gagnast þeim í leik og starfi.

Auglýsing um námskeiðin frá Velferðarnetinu má sjá [hér á Facebook síðu Velferðarnetsins](#).

Frétt um fræðsluna var sett á vefi sveitarfélaganna og annarra stofnana í upphafi verkefnisins, sjá á [vef Reykjanesbæjar](#), [vef Suðurnesjabæjar](#), [vef Grindavíkur](#), [vef Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum](#), [vef Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum](#), [Facebook síðu HSS](#).

Kostnaður: 6 m.kr. Upphaflega var gerður samningur upp á 5,5 m.kr. en vegna aukinnar eftirspurnar var gerður viðbótarsamningur upp á 500 þús. til þess að bregðast við óskum um námskeið.

Framtíð:

Framtíðarsýnin er að allt starfsfólk veiti notendavæna þjónustu til íbúa Suðurnesja með virðingu, vinsemd og meðvitund um fjölmenningu að leiðarljósi.

Önnur sveitarfélög hafa litið til okkar þegar rætt er um sambærileg námskeið um fjölmenningsarsamfélagið, þar á meðal Hafnarfjörður og Miðstöð símenntunar á Vesturlandi.

1.2 Framlínuheimsóknir

Markmið:

Markmiðið er að mynda tengslanet á milli framlínustarfsfólks ráðhúsa sveitarfélaganna á Suðurnesjum og stofnana (VMST, HSS, Sýslumaður og Lögreglan), kynnast hvert öðru, kynnast verkefnum og hlutverkum hvers annars, skiptast á fróðleik og þekkingu. Ekki síst að sjá fólkið „á bakvið kerfið“.

Framkvæmd/Staða verkefnis:

Framlínuheimsóknirnar ganga þannig fyrir sig að ein heimsókn er haldin í mánuði, á miðvikudagsmorgnum frá kl. 8 – 9. Þá hittist starfsfólk í framlínuþjónustu í ráðhúsum sveitarfélaganna og ríkisstofnana í þennan klukkutíma, fá sér morgunmat saman, fá kynningu um þá stofnun sem heldur heimsóknina hverju sinni og ræða svo saman um það viðfangsefni sem verður fyrir valinu en það getur til dæmis verið áskoranir í framlínunni á þeim tíma.

Framlínuheimsóknahring veturinn 2022 – 2023 er lokið. Fyrsta framlínuheimsóknin hófst hjá Sýslumanninum 25. maí 2022, í september 2022 hélt svo heimsóknaröðin áfram og skiptust stofnanirnar á að vera gestgjafar, þar til síðasta heimsóknin var í mars 2023. Til þess að ljúka vetrinum saman var haldið „framlínuheimsóknaslútt“ í maí 2023.


Um 30 manns hafa verið að mæta í hverja heimsókn hverju sinni, en misjafnt er hverjir hafa tök á að mæta hverju sinni, m.a. vegna opnunartíma og vaktavinnu. Heildarfjöldi starfsfólks sem telst til framlínuþjónustu og fær boð í heimsóknirnar telst um 50 manns.

Niðurstöður/Árangur/Tölfræði:

Send var út könnun á framlínustarfsfólk í desember 2022 og janúar 2023 til þess að taka þá stöðuna á viðhorfi þeirra til heimsóknanna. Hér fyrir neðan má sjá myndir og gröf með niðurstöðum könnunarinnar:


Gefðu framlínuheimsóknunum sem heild einkunn:

18 svör



Hefur skilningur þinn á verkefnum og störfum annarra aukist?


18 svör



- Já, mjög mikið
- Já, þó nokkuð
- Hvorki né
- Nei
- Nei, skilningur minn hefur minnkað

Finnst þér þú hafa lært eitthvað í heimsóknunum, þekking eða fróðleikur sem þú vissir ekki áður?


18 svör



- Já, mikið
- Já, aðeins
- Hvorki né
- Nei

Myndir þú vilja að framlínuheimsóknunum yrði haldið áfram eftir mars 2023?

18 svör



Út frá endurgjöf frá starfsfólkinu er annar hringur framlínuheimsókna nú þegar hafinn fyrir komandi vetur 2023 til 2024. Fyrsta framlínuheimsókn þessa vetrar var 13. september 2023 hjá Reykjanesbæ. Nú hafa framlínuheimsóknirnar verið settar í hendur hvefrrar stofnunar er varðar skipulag, utanumhald og kostnað við veitingar.

Kostnaður: 800 þús.

Framtíð: Þegar teymi Velferðarnetsins hefur sagt öðrum sveitarfélögum frá verkefninu, m.a. Reykjavíkurborg, hefur þeim litist mjög vel á hugmyndina og langað til þess að gera sambærilegt með sínar stofnanir. Framtíðarsýnin er að framlínuheimsóknirnar muni halda áfram sem sjálfbært verkefni sveitarfélaganna og stofnananna ásamt því að aðrar deildir innan sveitarfélaganna taki upp sambærilega viðburði, t.d. að barnaverndarþjónusta hitti starfsfólk barnaverndarþjónustu í hinum sveitarfélögunum og styrki tengsl sín á milli.

1.3 Rafræn þjónustunámskeið

Markmið og tilgangur:

Efla faglegt, notendamiðað og menningarnæmt viðmót starfsfólks í opinberri þjónustu sem tekur mið af ólíkum þörfum íbúa í samfélagi fjölbreytileikans.

Að styðja við framlínustarfsfólk stofnana í Velferðarneti Suðurnesja til að veita betri þjónustu og takast á við erfið verkefni í mannlegum samskiptum hvort sem það er í persónu, í gegnum síma eða með rafrænum hætti.

Framkvæmd/Staða verkefnis:

Í desember 2022 var gerður samningur við fræðslufyrirtækið Avia. Samið var um gerð fræðslumyndbanda, þar með talið efnisöflun, uppsetningu, og hýsingu kennsluefnis fyrir allt að 120 nemendur. Upphafleg verkáætlun gerir ráð fyrir fimm fræðslumyndböndum, talsettum og með grafík. Þeir 120 nemendur sem um ræðir eru framlínustarfsfólk í öllum sveitarfélögunum, bæði í ráðhúsum og utan ráðhúsa, og ríkisstofnunum. Avia mun hýsa myndböndin út árið 2024 og verða námskeiðin því aðgengileg út það ár.

Efni námskeiðanna samanstendur af samskiptasáttmála sem er inngangur að hverju myndbandi, og eru námskeiðin/myndböndin fimm talsins: 1) samskipti í framlínu, 2) samskipti í gegnum síma, 3) samskipti í gegnum tölvupóst, 4) krefjandi aðstæður í þjónustu og 5) fjölmening. Staða verkefnisins í september 2023 er sú að þrjú myndbönd af fimm eru tilbúin. Verið er að vinna við síðustu tvö myndböndin (krefjandi aðstæður og fjölmening). Fræðslan um fjölmeninguna er óbeint framhald eða upprifjun frá námskeiðinu Fjölmening auðgar sem var í boði fyrir allt starfsfólk þátttökustofnana Velferðarnetsins.

Áætlað er að hefja keyrslu námskeiðanna í október 2023 og verða námskeiðin því aðgengileg út árið 2024. Eftir þann tíma munu þátttökustofnanir Velferðarnetsins eiga fræðslumyndböndin og geta nýtt eftir eigin vilja og sýnt starfsfólki sínu.

Niðurstöður/Árangur/Tölfræði:

Hér má sjá skjáskot úr einu fræðslumyndbandinu:



Kostnaður: 800 þúsund

Framtíð: Framtíðarsýnin er sú að allar þátttökustofnanir Velferðarnetsins veiti samstillta þjónustu, leysi sem flest mál í fyrstu snertingu, öll hjálpi að við að þjónusta íbúa eftir bestu getu og þannig senda íbúa sem allra minnst á milli stofnana.


1.4 Rafræn skilríki fyrir flóttafólk

Markmið:

Auðvelda aðgengi flóttafólks að rafrænum skilríkjum með því að taka dvalarleyfisskírteini sem gild persónuskilríki til rafræna skilríkja. Aukið aðgengi að rafrænum skilríkjum eykur aðgengi og einfaldar ferli við að sækja ýmsa þjónustu.

Framkvæmd/Staða verkefnis:

Undanfari verkefnisins er umræða um stafræna vegferð ríkisins sem felur í sér meiri sjálfvirkni og einföldun en í þeirri vegferð verða alltaf einhverjir eftir, þ.á.m. fatlað fólk, flóttafólk, eldra fólk og mögulega aðrir hópar í samfélaginu, þá sérstaklega þeir sem eiga enga að, en flóttafólk er gjarnan í þeirri stöðu. Þjónustuferlateymið rýndi í ferilinn sem flóttafólk á Suðurnesjum þarf yfirleitt að fara í gegnum til þess að sækja um rafræn skilríki. Eftirfarandi ferill var teiknaður upp:



Ferillinn felur í sér mikla bið, tímasóun, peningasóun, óþarfa aðgerðir og óþarfa flutninga á fólki og gögnum. Til þess að komast að einhverri lausn var ákveðið að eiga samtalið við Auðkenni, Stafrænt Ísland, Útlendingastofnun, Vinnumálastofnun, Þjóðskrá, Fjölmenningssetur og lögfræðing frá háskóla,- iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu. Vinnuhópur Velferðarnetsins átti fund með fyrrgreindum aðilum 9. september 2022. Sá fundur var mjög góður, góð umræða átti sér stað á milli aðilanna. Lögfræðingur ráðuneytisins var ekki meðvitaður um þessa áskorun en tók vel í verkefnið. Niðurstaða fundarsins var sú að einfaldasta lausnin væri að óska eftir reglugerðarbreytingu þannig að dvalarleyfisskírteinin væru gild skilríki til þess að sækja um rafræn skilríki. Í kjölfar fundarins var því sett af stað reglugerðarbreyting, sem var síðan sett inn í samráðsgátt ríkisins. Inn í samráðsgáttina bárust fjórar umsagnir sem allar studdu við breytinguna. Sjá á [vef samráðsgáttar](#).

Staða verkefnisins er sú að það er staðnað í vinnslu hjá ráðuneytinu. Síðustu upplýsingar fengust frá ráðuneytinu um miðjan maí 2023 og var þá staðan sú að reglugerðin væri ekki tilbúin en væri komin aftur í vinnslu eftir mannabreytingar og fleiri hindranir á veginum, næst á dagskrá hjá ráðuneytinu væri fundur með Útlendingastofnun til þess að ganga frá lausum endum.

En staðan í september 2023 er samt sem áður sú að reglugerðin virðist ekki vera tilbúin og er staðan í raun eins. Starfsfólk í félagsþjónustu sveitarfélaganna spyr reglulega um þessa reglugerðarbreytingu þar sem mikil fjölgun hefur orðið á flóttafólki síðastliðið ár og er þörfin því orðin enn meiri fyrir þessa reglugerðarbreytingu.

Niðurstöður/Árangur/Tölfræði: Það er ekki komin niðurstaða í verkefnið.

Kostnaður: Ekki útlagður kostnaður við þetta verkefni fyrir utan tíma starfsfólks.

Framtíð: Framtíðarsýnin er sú að þegar flóttafólk hefur fengið dvalarleyfisskírteini þá geti það farið beint í það að sækja um rafræn skilríki, og þannig einfaldað það að sækja fjölbreytta þjónustu.

1.5 Þjónustuúttekt á tilteknum biðlistum

Markmið:

Markmið og tilgangur var að greina hverjir eru á bið eftir persónulegum stuðningi (liðveislu) og stuðningsfjölskyldu hjá sveitarfélögum og hvort vilji væri fyrir því að fá annars konar stuðning og ráðgjöf á meðan á biðtíma standi og þá hvers kyns stuðning.

Undanfari þessa verkefnis var hin mikla umræða um biðlista eftir ýmissi þjónustu, bæði hjá sveitarfélögum og í heilbrigðiskerfinu. Á þeim tíma sem þjónustuúttektin var gerð, var nýtt geðheilsuteymi á heilsugæslunni að fara af stað og ekki miklir biðlistar eftir þjónustu þar.

Framkvæmd/Staða verkefnis:

Samningur var gerður við Samskiptastöðina um að vinna þjónustuúttektina sumarið 2022. Eftir samantekt á biðlistum í sveitarfélögum, var um að ræða 60 manns á biðlistunum í sveitarfélögum, mikill meirihluti var á biðlista hjá Reykjanesbæ. Því voru framkvæmd um 60 símaviðtöl með 7 spurningum. Spurningarnar voru eftirfarandi:

1. Hversu lengi hafið þið verið að bíða eftir þjónustu?
2. Hversu mikil þörf er fyrir þjónustuna?
3. Eru önnur úrræði sem þið getið nýtt á biðtíma? Ef einhver, hver þá?
4. Mynduð þið vilja koma á námskeið á meðan á bið stendur, t.d. námskeið fyrir foreldra barna með adhd og/eða námskeið fyrir foreldra barna með einhverfu (ef það á við) sem haldið yrði í heimabyggð?
5. Er eitthvað annað námskeið eða úrræði sem þið eða barn/börn mynduð vilja nýta ykkur á biðtíma?
6. Mynduð þið geta nýtt ykkur hópastarf með öðrum foreldrum (eins konar stuðningshóp) sem eru í svipaðri stöðu þar sem umræðuefni væru áskoranir foreldra í uppeldi og hvernig tekist er á við þær?
7. Eitthvað annað sem þú/þið vilt koma á framfæri?

Niðurstöður/Árangur/Tölfræði:

Helstu niðurstöður úr þjónustuúttektinni eru að meirihluti þátttakenda myndi vilja fá fræðslu á meðan á biðtíma stendur. Einnig kom í ljós að á biðlista var fólk sem var á röngum biðlista eða enn á biðlistanum þrátt fyrir að ekki væri lengur þörf fyrir þjónustuna af einhverjum ástæðum.

Kostnaður: 850 þúsund

Framtíð: Framtíðarsýnin er að reglulega verði haldin fræðslunámskeið fyrir foreldra og aðstandendur sem eiga börn með hinar ýmsu stuðningsþarfir.

1.6 Virkniúrræði hjá Hjálpræðishernum

Markmið: Að auka vellíðan og virkni þeirra sem eru utan vinnumarkaðar og eru ýmist með greiðslur frá sveitarfélögum, atvinnuleysistryggingarsjóði eða í þjónustu hjá HSS. Þannig er unnið skilvirkt að því að auka tækifæri hópsins innan vinnumarkaðarins.

Framkvæmd/Staða verkefnis


Í lok árs 2022 var gerður samningur við Hjálpræðisherinn til tveggja ára, eða út árið 2024.

Úrræðið er byggt á verkefni Hjálpræðishersins í Noregi sem nefnist *Jobben*, hér á landi hefur Hjálpræðisherinn nefnt úrræðið *Virkið*. Fyrirkomulag samningsins er að þátttökustofnanir Velferðarnetsins sem eru með einstaklingsþjónustu geta vísað í úrræðið, þær eru Reykjanesbær, Suðurnesjabær, Grindavík, Vogar, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja og Vinnumálastofnun.

Virkniverkefnið er starfandi frá kl.10:00 til 14:00 alla virka daga. Möguleiki er að taka þátt tvisvar til fimm sinnum í viku. Þátttakendur fá þjálfun og stuðning til þess að taka þátt í verkefnum sem um ræðir og „útskrifast“ þegar þátttakandinn finnur annan farveg í virkni sinni, hvort sem það er á vinnumarkaði eða annars staðar í samfélaginu. Þátttaka í verkefnum getur þannig verið hluti af ferilskrá viðkomandi. Dæmi um verkefni sem unnin eru:

- Saumanámskeið
- Prjón og hekl, endurnýting á garni
- Hönnun og endurnýting á fötum og textíl.
- Eldhústörf og matreiðsla.
- Verslunar og lagerstörf í Hertex.
- Hugmyndavinna í gleri, gefa gömlum vörum nýtt líf með sköpun.
- Smíðanámskeið, endurnýting á timbri.

Verkefnið var samstillt á milli sveitarfélaga og ríkisstofnananna sem tóku þátt með því að útbúa sameiginlegt skráningarskjal og ferla upp tilvísunarferlið í úrræðið, sjá hér:






Aðgerð

Úttak
(skjöl)

Ábyrgð



1. Ráðgjafi hjá stofnun/sveitarfélagi metur aðstæður einstaklings sem svo að virkniúrræði Hjálpræðishersins henti viðkomandi og kynnir það fyrir honum.

Aðstæður geta verið þær að viðkomandi er utan vinnumarkaðar, ekki í námi, ekki í endurhæfingu eða annarri daglegri virkni.

Markmiðið með virkniúrræði Hjálpræðishersins er að stuðla að vellíðan og aukinni félagslegri færni með góðri rúttinu og skilvirknu utenumhaldi.

2. Ráðgjafi skráir dagnótur undir máli viðkomandi um að úrræðið hafi verið kynnt og hver niðurstaða samtalsins hafi verið.

3. Ef viðkomandi (hér eftir þátttakandi) sýnir úrræðinu áhuga bókar **ráðgjafi** viðtal/upplýsingafund hjá verkefnastjóra Hjálpræðishersins í excel skjali, sjá [hér](#). Ráðgjafi skráir inn nafn þátttakanda, kyn, símanúmer og áhuga á virkni.


4. Ráðgjafi upplýsir viðkomandi um að viðtalið fari fram í húsnæði Hjálpræðishersins á Ásbrú.

Það er matsatriði hverju sinni hvort ráðgjafi telji þörf á að fylgja þátttakanda á upplýsingafundinn. Einnig er matsatriði hvort betra sé að setja upp hóp á upplýsingafundi, sérstaklega ef margir eru að koma í virkniúrræði frá sömu stofnun/sveitarfélagi.

Til upplýsinga:

Verkefnastjóri Hjálpræðishersins tekur á móti þátttakanda. Í viðtalinu ræðir verkefnastjóri við viðkomandi og kannar áhugasvið og metur aðstæður væntanlegs þátttakanda. Ef viðkomandi hefur enn áhuga á virkniúrræðinu eftir viðtalið skrifar hann undir sjálfboðaliðasamning og trúnaðarsamning hjá verkefnastjóra.

5. Þátttakandi byrjar í virkniúrræði. **Ráðgjafi** sér um eftirfylgni, sjá vinnulýsingu [VIN-xx2](#).



Úrræðið var formlega sett af stað með Starthátíð sem var haldin í febrúar 2023.

Framgangur verkefnisins:

Staðan var tekin í júní 2023, helstu niðurstöður úr þeirri úttekt voru eftirfarandi:

- Mat verkefnastjóra Hjálpræðishersins er að verkefnið hafi gengið ágætlega
- 48 manns hafa tekið þátt
- Flestir þátttakendur frá Reykjanesbæ, HSS og Björginni
- Þjóðerni – Úkraína, Ísland, Venezuela, Sýrland
- Flestir taka þátt í saum og timbri
- 12 hafa útskrifast og farið á almennan vinnumarkað
- Jákvætt hvað ólíkir hópar hafa verið að ná vel saman
- Vanlíðan fólks er áskorun í starfinu

Samhliða samstarfi Velferðarnets Suðurnesja og Hjálpræðishersins hefur Reykjanesbær verið þátttakandi í Erasmus+ verkefni sem snýr að fræðslu og þjálfun innflytjenda fyrir störf sem tengjast vísindum og tækni (á ensku nefnt STEM, *science, technology, engineering and mathematics*). Tengiliðir Reykjanesbæjar sáu tækifæri í því að tengja verkefnið við virkniúrræði Hjálpræðishersins og hefur verið unnið fræðsluverkefni um sjálfbærni og hringrásarhagkerfið út frá nálgun Hersins með áherslu á

saumaverkefnið þeirra. Námsefnið verður tilbúið á vef Evrópuverkefnisins í september 2023 og verður þá námskeið fyrir þátttakendur hjá Hjálpræðishernum.

Kostnaður: 3 m.kr.

Framtíð: Framtíðarsýnin er að virkniúrræði Hjálpræðishersins verði áfram í boði, haldi áfram að vera góð viðbót í úrræði sem styðja við vellíðan og virkni þeirra sem eru utan vinnumarkaðar.

1.7 Virkniþing Suðurnesja 2022

Markmið og tilgangur með Virkniþinginu var eftirfarandi:

- Auka virkni íbúa - hvetja íbúa til að fara í virkni, taka virkan þátt í samfélaginu
- Auka gegnsæi og skapa tengsl
- Að íbúar, sérstaklega starfsfólk sem vinnur með íbúum, séu meðvitaðir um framboð á virkniúrræðum

Meginmarkhópur Virkniþingsins var starfsfólk í velferðarþjónustu sem starfar með fólki sem ekki er í reglulegri virkni. Verið væri að gera starfsfólk meðvitað um þau úrræði og tækifæri sem eru í samfélaginu fyrir fólk sem er það áskorun að taka þátt og afla sér upplýsinga, hvort sem það er vegna fötlunar, skorts á tungumálakunnáttu eða félagslegrar einangrunar af öðrum ástæðum.

Virkniþingið var þó opið öllum og voru fjölmörg sem lögðu leið sína á viðburðinn og myndaðist virkilega góð stemning.

Framkvæmd verkefnisins:

Velferðarnet Suðurnesja stóð fyrir Virkniþingi Suðurnesja sem haldið var í Stapanum í Hljómahöll miðvikudaginn 9. nóvember 2022. Virkniþingið var opinn viðburður fyrir alla íbúa Suðurnesja, það var opið hús frá kl. 13:00 til 17:00. Á Virkniþinginu voru 36 kynningaraðilar frá félagasamtökum, einkafyrirtækjum, ríki og sveitarfélögum með kynningarborð/bás þar sem þau kynntu sitt framboð af fjölbreyttri virknistarfsemi.

Kynningaraðilar á Virkniþinginu voru 36 talsins, en skiptu sér á 40 kynningarborð, þeir voru eftirfarandi:

1. 3N Þríprautardeild UMFN
2. ADHD samtökin
3. Björgin geðræktarmiðstöð
4. Borðtennisfélag Reykjanesbæjar
5. Bókasafn Reykjanesbæjar
6. Bókasafn Suðurnesjabæjar
7. Byggðasafnið á Garðskaga
8. Duus safnahús (Byggðasafn Reykjanesbæjar, Listasafn Reykjanesbæjar, Gestastofa Reykjanes Geopark)
9. Einhverfusamtökin
10. Félag eldri borgara á Suðurnesjum
11. Félagsstarf aldraðra í Reykjanesbæ
12. Félagsstarf aldraðra í Suðurnesjabæ
13. Félagsstarf aldraðra í Sveitarfélaginu Vogum
14. Fjölsmiðjan á Suðurnesjum
15. Frístundamiðstöð Reykjanesbæjar (Fjörheimar félagsmiðstöð, 88 húsið ungmennahús, Listasmiðja Reykjanesbæjar, Ungmennaráð Reykjanesbæjar, verkefna- og viðburðahús, Fristundir.is)

16. Heilbrigðisstofnun Suðurnesja – geðheilsuteymi, heilsuvernd eldra fólks, heilsueflandi móttaka
17. Hinsegin Plútó
18. Hjálparstarf ADRA – Kirkja sjöunda dags aðventista
19. Hjálpræðisherinn á Íslandi
20. Hlutverk – Samtök um vinnu og verkþjálfun
21. Hæfingarstöð Reykjanesbæjar
22. Janus heilsuefling
23. Kirkjurnar á Suðurnesjum (Keflavíkurkirkja, Ytri-Njarðvíkurkirkja, Njarðvíkurkirkja, Grindavíkurkirkja, Hvalsneskirkja, Útskálakirkja, Kálfatjarnarkirkja)
24. Kiwanisklúbbur á Suðurnesjum (Keilir og Varða)
25. Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum – SSamvinna, fræðsla, náms- og starfsráðgjöf
26. Norræna félagið í Suðurnesjabæ
27. Þrjónakvöld í 88 húsinu
28. Púttklúbbur Suðurnesja
29. Rauði Krossinn á Suðurnesjum
30. SEN ráðgjöf
31. Slysavarnardeildin Dagbjörg
32. Ungmennafélagið Þróttur í Vogum
33. Vinnumálastofnun
34. VIRK – Starfsendurhæfingarsjóður
35. Virkjun mannauðs og velferðar
36. Þroskahjálp á Suðurnesjum – Dósasel

Eftirfarandi aðilum var boðið en skráðu sig ekki eða komust ekki:

- Fjölskylduhjálp Íslands
- Bókasafn Grindavíkur
- Lista- og byggðasafn í Grindavík
- PEPP – samtök fólks í fátækt
- Almannaheill
- Félagsstarf aldraðra í Grindavík
- Alzheimersamtökin Heilavinir
- Öryrkjabandalagið
- Blakdeild Keflavíkur
- Íþróttir í Suðurnesjabæ fyrir fullorðna
- Sjálfsbjörg
- Íþróttafélagið NES
- Taekwondo deild Keflavíkur
- Leikfélag Keflavíkur
- Þroskahjálp – Landssamtök
- Geðheilsuteymi tauga- og þroskaraskana

Hugmyndir um fleiri aðila til að bjóða en var of seint að bjóða að þessu sinni:

- Tónlistarskólar
- Sundmiðstöðvar
- Kórar á Suðurnesjum
- Íþróttastarf fyrir fullorðna
- Pílufélag Reykjanesbæjar
- Golfklúbbur Suðurnesja

Mikill fjöldi kynningaraðila tók þátt í Virkniþinginu, en markmið skipulagsteymisins um fjölda kynningaraðila var 15 til 20 kynningaraðilar. Eftirspurnin fór því langt fram úr væntingum, húsnaðislega séð hefðu kynningaraðilarnir ekki mátt vera mikið fleiri. Stapinn var vel nýttur, borð voru meðfram öllum veggjum, við sviðið, í miðju salarins og uppi á palli í enda salarins.



Viðtöl við kynningaraðila

Við skipulagningu á viðburðinum kom upp umræða um að miðað við þá áskorun sem það er að halda viðburð sem þennan að þá varir viðburðurinn skiljanlega aðeins í nokkra klukkutíma. Skipulagsteymið vildi því finna lendingu á því að láta viðburðinn lifa áfram. Liður í því var að taka viðtöl við nokkra kynningaraðila sem hægt væri að nýta til auglýsinga og kynningar á samfélagsmiðlum. Viðtölin voru við kynningaraðilana og notendur í því virknistarfi, þar sem spurt var almennt hvað verið væri að bjóða upp á og hvers vegna notendum þykir starfið mikilvægt fyrir sig.

Við óskuðum eftir upplýsingum frá kynningaraðilum hvort þau hefðu áhuga á að taka þátt í viðtali, en látið var vita fyrirfram að ekki myndi nást viðtal við alla. Áætlað var að ná átta til tíu viðtölum, en það náðist að taka ellefu viðtöl, þau voru eftirfarandi:

1. Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum – MSS
2. Þrjónakvöld í 88 húsinu
3. Hjálpræðisherinn
4. Fjölsmiðjan á Suðurnesjum
5. Félag eldri borgara á Suðurnesjum
6. Rauði Krossinn
7. Hæfingarstöðin
8. HSS geðheilsuteymi
9. Vinnumálastofnun
10. Kirkjurnar á Suðurnesjum
11. Janus heilsuefning

Viðtölin voru tekin upp í kósýhorni út í horni uppi á sviðinu. Halli Valli sá um að taka viðtölin og Eypór hjá Alpha Agency sá um hljóð og myndbandsupptöku viðtalanna. Myndböndin af viðtölunum eru eign Velferðarnetsins. Viðtölin eru aðgengileg á Facebooksíðu Velferðarnetsins [hér](#).

Fjölmiðlar og samfélagsmiðlar

Fyrir Virkniþingið var Magnús Orri Arnarsson, sjónvarpsmaður, m.a. þekktur fyrir þættina *Með okkar augum*, fenginn til þess að sjá um Instagramsíðu Velferðarnets Suðurnesja, þar sem hann sýndi frá deginum í „story“ á Instagram og tók stutt viðtöl við þátttakendur. Í lok dags klippti hann viðtölin sem birt voru í story saman í eitt [myndband](#).

Virkniþingið fékk góða umfjöllun hjá Víkurfréttum, bæði í [blaðinu](#) og í [Suðurnesjamagasíni](#) sem sýnt var á sjónvarpsstöðinni Hringbraut.

Niðurstöður/Árangur/Tölfræði:


Lærdómur af verkefninu

Þátttakendur gáfu Virkniþinginu sem heild einkunn, meðaleinkunnin var 9,04.

Flestir eða 76% gáfu einkunnina 9 og 10. Á myndinni að neðan má sjá dreifingu svaranna.

Gefðu Virkniþinginu sem heild einkunn:


25 svör



100% þátttakenda töldu Virkniþingið viðburð sem ætti að endurtaka reglulega.

Finnst ykkur að halda ætti Virkniþing aftur á næsta ári, eða eftir tvö eða þrjú ár?

25 svör



Á heildina litið má því segja að Virkniþingið hafi gengið mjög vel, þátttakendur, skipulagsteymi og gestir virtust vera mjög ánægðir með daginn og þetta framtak sem Virkniþingið var.

Endurgjöfin frá þátttakendum kom vel út, þar kemur meðal annars fram hvað gott skipulag og undirbúningur fyrir daginn skipti miklu máli. Helstu tækifæri til umbóta eru að huga betur að rýminu, annað hvort hafa færri kynningararaðila eða halda Virkniþingið í stærri sal næst ef það á að halda

sambærilegum fjölda kynningaraðila eða fjölga þeim. En að þessu sinni, þar sem þetta var fyrsta tilraun til að halda svona viðburð, þá vildi skipulagsteymið ekki neita fólki um þátttöku þrátt fyrir að það væru komnar upp smá áhyggjur af því að það yrði þröngt á þingi. Í samtali við fólk voru allir mjög umburðarlyndir gagnvart viðburðinum þar sem það var skýrt frá upphafi að þetta væri tilraunaverkefni og litu allir á viðburðinn frá lærdómssjónarhorni. Þannig að þrátt fyrir að ýmislegt hefði mátt gera betur eða öðruvísi þá var enginn óánægður.

Eftir Virkniþingið var sendur póstur á alla kynningaraðila þar sem hvatt var til þess að allir myndu skrá sína virkni inn á fristundir.is. Það var liður í því að láta verkefnið lifa áfram og vinna enn betur að markmiðum Virkniþingsins.

Kostnaður: 1,6 m.kr. Gert er ráð fyrir 1 m.kr. fyrir árið 2024 til þess að halda Virkniþingið á nýjan leik.

Framtíð og ávinningur

Framtíðarsýnin er að Virkniþing sé viðburður sem er kominn til að vera og haldinn á tveggja ára fresti, sjálfstæður viðburður sem haldinn er af félagsamtökum og öðrum með aðstoð styrkja. Framtíðarsýnin er einnig að Virkniþing auki sýnileika fjölbreytts framboðs á ýmiss konar starfsemi sem lýtur að virkni og er í boði á Suðurnesjum.

1.8 Námskeið og fyrirlestrar hjá Einhverfusamtökunum

Markmið:

Undanfari verkefnisins er þjónustuúttekt eða biðlistagreining sem var gerð á þjónustu liðveislu og stuðningsfjölskyldna í sveitarfélögunum. Þar voru helstu niðurstöður að íbúar á bið eftir þjónustu myndu þiggja fræðslu sem gæti nýst þeim á meðan á biðtíma standi. Í kjölfarið var því gerður samningur við Einhverfusamtökin og ADHD samtökin.

Markmiðið með verkefninu er að efla vitund og skilning á einhverfu í samfélaginu, sérstaklega á meðal foreldra og aðstandenda einhverfra barna. Stuðla að myndun tengslanets og stuðnings hvert við annað. Stuðla að félagslegri virkni einhverfra barna og ungmenna. Stuðla að því að Einhverfusamtökin verði öflug og virk samtök á Suðurnesjum með fjölda félagsmanna, með von um að það spretti sjálfstæður félagskapur líkt og Einhverfukaffi hefur verið í Hafnarfirði um nokkurt skeið.

Framkvæmd/Staða verkefnis:

Í desember 2022 var gerður samningur við Einhverfusamtökin, samið var um þrjú námskeið/fræðslu, tvö þeirra yrðu opin fyrir alla íbúa Suðurnesja þeim að kostnaðarlausu og eitt námskeið í boði fyrir starfsfólk.

- Grunnnámskeið fyrir aðstandendur einhverfra barna - 3 tíma fræðsla haldin á Bókasafni Reykjanesbæjar 6. febrúar 2023
- Grunnnámskeið fyrir fullorðna með seinhverfu (þeir sem greinast seint) - 3 tíma fræðsla haldin á Bókasafni Reykjanesbæjar 23. mars 2023
- Námskeið fyrir starfsfólk sveitarfélaga og stofnana á Suðurnesjum - 1 tíma fræðsla haldin á Teams 10. maí 2023. Námskeiðið var tekið upp og var aðgengilegt út júlímánuð 2023.

Guðlaug Svala Kristjánsdóttir, verkefnastjóri hjá Einhverfusamtökunum og Hildur Heimisdóttir, þroskajálfi og foreldri einhverfra barna sáu um fræðsluna.

Um er að ræða ný námskeið sem Einhverfusamtökin voru að leggja lokahönd á að þróa, þau voru haldin í fyrsta sinn fyrir Velferðarnetið. Í kjölfarið myndu samtökin halda námskeiðin áfram fyrir aðra aðila.

Verkefninu er því lokið.

Niðurstöður/Árangur/Tölfræði:

Námskeiðin þrjú gengu öll mjög vel, fyrirlesarar Einhverfusamtakanna voru mjög ánægðir með mætingu og þátttöku á námskeiðunum. Á þeim tveimur opnu námskeiðum sem haldin voru skapaðist góð umræða og töldu fyrirlesarar sannarlega þörf fyrir þennan hóp samfélagsins á að koma saman og geta átt samtál við hvort annað og speglað sínar upplifanir og tilfinningar.

Á námskeiðið fyrir aðstandendur einhverfra barna mættu um 60 manns.

Á námskeiðið fyrir fullorðna með seinhverfu mættu um 20 manns. Fyrirlesarar voru ánægðir með þá mætingu, en almennt séð er þetta erfiður hópur til þess að ná til og fá fólk til þess að mæta á staðinn og fræðast.

Á námskeiðinu sem haldið var fyrir starfsfólk sveitarfélaganna voru um 55 þátttakendur úr ólíkum áttum, m.a. úr leik- og grunnskólum, félagsþjónustu, skólaþjónustu auk ráðgjafa frá Vinnumálastofnun.

Endurgjöf frá þátttakendum var meðal annars eftirfarandi:

- Frábært að hlusta á þig Guðlaug [fyrirlesarinn], megi sem flestir horfa og hlusta
- Alveg frábær fyrirlestur. Ótrúlega margt sem mun koma að góðum notum í vinnu og nærumhverfi. Takk!
- Virkilega góður fyrirlestur!
- Frábær fyrirlestur, takk fyrir mig.
- Takk kærlega fyrir erindið, ég er kennari, geggjað flottir punktar.
- Takk fyrir frábæran og lærdómsríkan fyrirlestur
- Takk kærlega fyrir góðan fyrirlestur
- Frábær fyrirlestur! Virkilega áhugavert með skólaforðun og burnout! Takk innilega fyrir!

Kostnaður: Samningur við samtökin var upp á 245 þúsund, til viðbótar við þann kostnað greiddi Velferðarnetið veitingar og auglýsingakostnað.

Framtíð: Framtíðarsýnin er að Einhverfusamtökin séu orðin öflug samtök á Suðurnesjum, þar sem íbúarnir sjálfir hafa myndað tengslanet sín á milli, m.a. með því að halda *Einhverfukaffi* og annars konar fundi og hittinga til að styðja við hvort annað.



Frá fræðslu fyrir aðstandendur einhverfra barna

1.9 Námskeið og fyrirlestrar hjá ADHD samtökunum

Markmið og tilgangur

Undanfari verkefnisins er þjónustuúttekt eða biðlistagreining sem var gerð á þjónustu liðveislu og stuðningsfjölskyldna í sveitarfélögunum. Þar voru helstu niðurstöður að íbúar á bið eftir þjónustu myndu þiggja fræðslu sem gæti nýst þeim á meðan á biðtíma standi. Í kjölfarið var því gerður samningur við Einhverfusamtökin og ADHD samtökin.

Markmiðið með verkefninu er að efla vitund og skilning á ADHD í samfélaginu, sérstaklega á meðal foreldra og aðstandenda barna og ungmenna með ADHD. Stuðla að myndun tengslanets og stuðnings hvert við annað. Stuðla að félagslegri virkni barna og ungmenna með ADHD. Stuðla að því að ADHD samtökin verði öflug og virk samtök á Suðurnesjum með fjölda félagsmanna.

Framkvæmd/Staða verkefnis:

Í desember 2022 var gerður samningur við ADHD samtökin. Samningurinn er tvískiptur, annars vegar samið um ellefu 40 mínútna fyrirlestra fyrir börn á unglíngastigi í grunnskólunum ellefu á Suðurnesjum og hins vegar þrjá tveggja klukkustunda opna fyrirlestra fyrir aðstandendur unglínga á Suðurnesjum, haldnir í Reykjanesbæ, Suðurnesjabæ og Grindavík.

Jóna Kristín Gunnarsdóttir, hegðunarráðgjafi hjá Reykjanesbæ og verktaki hjá ADHD samtökunum sá um fræðsluna í grunnskólum á Suðurnesjum. Í samráði við Jónu og ráðgjafa í skólaþjónustu sveitarfélaganna var ákveðið að fara með fræðsluna inn í alla 10. bekki á Suðurnesjum. Á tímabilinu 22. mars 2023 til 30. maí 2023 var farið með fræðsluna inn í alla 10. bekki.

Seinni hluti samningsins er framkvæmdur í september og október 2023. Þar mun Sólveig Ásgrímsdóttir, sálfræðingur sjá um fyrirlestrana þrjá. Sólveig skrifaði bókina „Ferðalag í flughálfu“ sem fjallar um unglínga með ADHD og er margreynd á því sviði. Fyrirkomulagið er klukkutíma fyrirlestur/fræðsla og gefið um hálf tíma rými fyrir óformlegt spjall og fyrirspurnir. Fyrirlestrarnir verða á eftirfarandi tímum og stöðum:

- Miðvikudagur 13. september 2023 á Bókasafni Reykjanesbæjar
- Miðvikudagur 20. september 2023 í Kvikunni í Grindavík
- Miðvikudagur 4. október 2023 í Sandgerðisskóla í Suðurnesjabæ

Niðurstöður/Árangur/Tölfræði:

Endurgjöf eftir fræðslu í grunnskólum var eftirfarandi, frá Jónu Kristínu fyrirlesara:

Gekk mjög vel og kannski það eina að ef þetta er gert aftur þá er sniðugt að gefa tíma eftir á ef einhverjir vilja spjalla. Ég gerði það reyndar en gott að hafa það í punktum til að gera ráð fyrir. Krakkarnir voru ánægðir en spurðu t.d. af hverju þetta væri ekki fyrir yngri nemendur, þau hefðu viljað fá þetta í 8. bekk. Margir hrósuðu mér fyrir að tala til þeirra en ekki yfir þeim og vera ekki of formleg. Kennararnir voru sáttir og hefðu viljað þetta fyrir allt unglíngastigið. Í sumum skólum var ég ein með hópinn og þá sköpuðust meiri umræður en þegar kennarar voru inni. Svona fræðsla nýtist best ef hún er í upphafi annar t.d. okt eða febrúar að mínu mati. En undirtektirnar voru góðar og ég mætti velvilja hvar sem ég kom.

Frétt um verkefnið á vefsíðu ADHD samtakanna, [hér](#).

Fræðslan sem haldin var á Bókasafni Reykjanesbæjar gekk vel, um 30 manns mættu á fræðsluna og skapaðist góð umræða.

Fræðslan sem haldin var í Kvikunni í Grindavík gekk einnig mjög vel, 17 manns mættu á fræðsluna og voru áttu sér stað góðar umræður.

Kostnaður: Samningur við samtökin var upp á 500 þúsund, til viðbótar við þann kostnað greiddi Velferðarnetið veitingar og auglýsingakostnað.

Framtíð: Framtíðarsýnin er að ADHD samtökin eru öflug samtök á Suðurnesjum, sem styðja við hóp íbúa með ADHD og aðstandendur þeirra með fræðslu og góðum ráðum.

1.10 Spjaldtölvur í framlínu sveitarfélaga og stofnana

Markmið og tilgangur:

Undanfari verkefnisins er að í [Nýsköpunaráætlun](#) Velferðarnetsins kemur meginmarkmið Velferðarnetsins fram og styður spjaldtölvuverkefnið að miklu leyti við markmiðið. Markmiðið er „að styrkja og auka nýsköpun á grundvelli sjálfbærni í þjónustu við íbúa á sviði félags-, heilbrigðis- og menntamála hjá opinberum stofnunum á Suðurnesjum.“ Velferðarnetið stuðlar að auknum lífsgæðum íbúa í formi vellíðunar og virkni, tækifærum þeirra til félagslegrar þátttöku og atvinnu með *bættu aðgengi að opinberri velferðarþjónustu*. Öll upplýsingagjöf skal vera sett fram með einföldum, aðgengilegum og skilvirkum hætti þannig að *allir íbúar geti aflað sér upplýsinga, þekkingar og leitað sér þjónustu*. Einföld framsetning upplýsinga kemur til móts við þarfir, óskir og væntingar íbúa í nútíð og framtíð. *Unnið verður að því með skilvirkum hætti að skapa aðstæður og styðja við íbúa svo þeir geti verið sjálfbærir um að sækja sér upplýsinga og þjónustu eftir þörfum á einum stað. Íbúar geti fengið upplýsingar og einfalda þjónustu með rafrænni og stafrænni sjálfsþjónustu eða afgreiðslu í framlínuþjónustu stofnana með einni snertingu og notendamiðaðri þjónustu við íbúa í samfélagi fjölbreytileikans.*

Framkvæmd/Staða verkefnis:

Í lok janúar og byrjun febrúar 2023 fengu allar þátttökustofnanir Velferðarnetsins gefins spjaldtölvu til þess að nota í framlínunni eða afgreiðslu eða þjónustuveri sínu.

Ákveðið var að gefa spjaldtölvur frekar en tölvur þar sem spjaldtölvurnar eru ekki háðar borði né stól. Þjónustufulltrúar geta farið til hliðar með íbúa til að kenna og sýna á spjaldtölvunni – en einnig staðið út á gólfi og aðstoðað, sbr. þjónustu svokallaðs gestgjafa t.d. í bönkum.



Ætlast var til þess að þjónustufulltrúar nýttu spjaldtölvurnar til að kenna íbúum og notendum að sækja sér upplýsingar og þjónustu sjálfir og stuðla þannig að færniuppbyggingu íbúa. Til dæmis, að fara inn á Heilsuveru, fara á mínar síður hjá ýmsum stofnunum (t.d. Vinnumálastofnun, Sjúkratryggingar, Tryggingastofnun, HMS, island.is, umsóknir um þjónustu hjá sveitarfélögum o.fl.).

Spjaldtölvurnar geta einnig gagnast sem þýðingarvél í þjónustu við íbúa, með því að notast við Google Translate eða Microsoft Translator.

Niðurstöður/Árangur/Tölfræði:

Spjaldtölvurnar voru gefnar til stofnana í janúar/febrúar 2023 og var það misjafnt eftir innviðum stofnana hvort þau væru tilbúin að taka spjaldtölvurnar í notkun. Sem dæmi, var Sýslumaður ekki með þráðlaust net í húsnæðinu en það var í vinnslu.

Í lok apríl 2023 var send út spurningakönnun á stofnanirnar þar sem spurt var um hvaða stofnanir væru byrjaðar að nýta spjaldtölvurnar, að hve miklu leyti og með hvaða hætti. Í apríl 2023 voru fimm af átta stofnunum byrjaðar að nota spjaldtölvurnar. Nú í september 2023 hafa sjö stofnanir af átta byrjað að nota spjaldtölvurnar.



Önnur spurningakönnun verður send út í október 2023 til þess að taka stöðuna á notkun spjaldtölvanna í stofnunum, þá verður kominn lengri reynslutími hjá stofnunum.

Kostnaður: 1,2 m.kr.

Framtíð: Framtíðarsýnin er að spjaldtölvurnar haldi áfram að gagnast þjónustufulltrúum í þjónustu við íbúa, bæði sem þýðingarvélar og að kenna notendum. Spjaldtölvurnar voru gefnar til allra stofnana með von um að stærra skref yrði stigið í átt að sjálfbærum notendum þjónustunnar þvert á allar stofnanir. Þá stóðu vonir til að gjöfin væri einnig hvetjandi fyrir stofnanir að fjárfesta enn frekar í tæknilegum lausnum sem aðstoða notendur við að vera sjálfbærir að sækja sér upplýsingar og þjónustu.



Mynd: Frá afhendingu spjaldtölvanna

1.11 Rannsókn Félagsvísindastofnunar

Markmið:

Markmið rannsóknarinnar var að skoða upplifun notenda af ákveðnum þjónustupáttum á Suðurnesjum og afla upplýsinga sem stutt geta við margþættar aðgerðir og einfaldað ferli sem notuð eru til að afgreiða erindi íbúa.

Framkvæmd/Staða verkefnis:

Tekin voru 12 viðtöl við 13 einstaklinga sem uppfylltu að minnsta kosti eitt af eftirfarandi skilyrðum: fengu fjárhagsaðstoð sveitarfélaga á Suðurnesjum, bjuggu í félagslegu leiguhúsnæði, voru með börn á framfæri sem þurftu á séraðstoð að halda eða fengu atvinnuleysisbætur frá Vinnuárástofnun. Ákveðið var að eiginleg rannsókn myndi uppfylla væntingar á þessu stigi í Velferðarnetinu, þar sem óskað var eftir innsýn á dýptina hverju væri ábótavant í þjónustu við íbúa.

Niðurstöður/Árangur/Tölfræði:

Helstu niðurstöður voru þær að í öllum viðtölunum var þakklæti fyrir veitta þjónustu. Það þyrfti mögulega að skoða í samhengi við að þátttakendur virtust hafa litlar væntingar til þjónustu og voru ekki alltaf vel upplýstir um réttindi sín. Félagsþjónusta og sveitarfélag gæti haft meira frumkvæði að því að upplýsa um réttindi og úrræði sem fólki stendur til boða. Viðmælendur vísuðu oft til þess að hafa fengið upplýsingar í gegnum tengslanet sitt. Það myndast því mögulega aðstöðumunur hjá þeim sem eru vel tengd og upplýst og geta t.d. óskað eftir þjónustu og styrkjum sem aðrir vita ekki af.

Lesið má niðurstöður rannsóknarinnar í heild sinni á vefsíðu Velferðarnetsins [hér](#).

Kostnaður: 2,5 m.kr.

Framtíð: Framtíðarsýnin er að sveitarfélög og stofnanir nýti niðurstöður rannsóknarinnar til þess að vinna að umbótum í sinni þjónustu. Niðurstöður rannsóknarinnar tala vel til tiltekinna stofnana og getur veitt þeim innsýn í hvernig megi betrumbæta þjónustuna.

1.12 Velkomin til Suðurnesja

Markmið:

Velkomin til Suðurnesja er samræmd móttökuáætlun fyrir nýja íbúa sveitarfélaganna á Suðurnesjum. Unnið er saman að því að veita aðgengilegar, skilvirkar og skýrar upplýsingar um helstu þjónustu og afþreyingu á svæðinu. Sérstaklega er horft til þeirra sem ekki skilja íslensku og koma nýir inn í íslenskt samfélag. Meginmarkmiðið er að nýir íbúar séu vel upplýstir og verði sem allra fyrst virkir þátttakendur í samfélagi Suðurnesja. Markmið verkefnisins hefur verið greint í eftirfarandi undirþætti:

- Auka lífsgæði íbúa og stuðla að vellíðan í inngildandi samfélagi.
- Hjálpa íbúum að afla sér upplýsinga sjálfir og sækja sér þjónustu.
- Huga sérstaklega að þeim sem er það meiri áskorun en öðrum að afla sér upplýsinga og sækja sér þjónustu.

Framkvæmd/Staða verkefnis:

Eftir að farið var vinna út frá nýsköpunaráætlun Velferðarnetsins fékk svokallað upplýsingateymi það verkefni að vinna að skilvirkri upplýsingagjöf um opinbera þjónustu við íbúa Suðurnesja og samræma móttökupjónustu fyrir nýja íbúa á Suðurnesjum. Sá hópur lagði til að farið yrði í markaðsherferð og viðburðaröð sem bæri heitið *Velkomin til Suðurnesja* ásamt því að samræma upplýsingagjöf á vefsvæðum sveitarfélaga á Suðurnesjum. Í dag er ekki tekið á móti nýjum íbúum á Suðurnesjum með markvissum hætti en vitað er að mikil hreyfing er á íbúafjölda sveitarfélaganna og skv. samfélagsgreiningu flytjast um fimm þúsund nýir íbúar á svæðið ár hvert og hefur meirihluti þeirra erlent ríkisfang.

VELKOMIN
til Suðurnesja

Gerður hefur verið samningur við auglýsinga- og markaðsstofuna Tvist sem hefur unnið hönnunarefni fyrir verkefnið og er verið að stilla upp vefsíðunni Suðurnes.is sem verður formlega opnuð á samráðsfundi Velferðarnetsins 5. október 2023. Fram að þeim tíma er mögulegt að skoða vefsíðuna með aðgangsorðinu GRSVSS.1234.

Vefsíðunni er ætlað að vera lendingarsíða af opinberum síðum svæðisins þar sem unnið er með níu þemu: Fyrstu skrefin, húsnæði, atvinna, börn og fjölskyldur, samgöngur, afþreying og menning, velferð og heilsa, menntun fullorðinna og endurvinnsla og úrgangur. Undir hverju þema eru nokkrir undirflokkar og þar er spurt spurninga sem er yfirlétt svarað með vísan í aðrar síður sem hafa grunnupplýsingarnar, eins og Ísland.is eða vefsíður sveitarfélaganna.

Til þess að ná til íbúa hafa verið hönnuð auglýsingaspöld í nafnspjaldastærð (sjá myndir fyrir neðan) sem opinberir aðilar, bankar, skólar og fyrirtæki geta afhent fólki sem leitar til þeirra og er nýflutt á svæðið. Jafnframt verða hengd upp veggspjöld á helstu almenningsstaði og hjá opinberum stofnunum, farið í samfélagsmiðlaherferð og auglýsingaskjái í samfélaginu nýttir.

VELKOMIN til Suðurnesja

ERT ÞÚ NÝR ÍBÚI?

Hér eru helstu upplýsingar um þjónustu og afþreyingu á Suðurnesjum



Kíktu á sudurnes.is



Fyrirhugað er að halda mögulega viðburði þessu til viðbótar þar sem nýjum íbúum verður boðið til samkomu og til samtals við starfsfólk sveitarfélaga og stofnana.

Niðurstöður/Árangur/Tölfræði:

Kostnaður: 6 m.kr. Þar af eru 3 m.kr. úr byggðaáætlun nýttar á árinu 2023, og 500 þúsund áætlaðar á árinu 2024 fyrir verkefnið.

Framtíð: Framtíðarsýnin er sú að sudurnes.is muni áfram nýtast sem móttökupakki fyrir nýja íbúa á Suðurnesjum, óháð uppruna.

1.13 Velferðarnet Suðurnesja á ráðstefnu í Malmö

Velferðarneti Suðurnesja var boðið að taka þátt og halda erindi á Evrópuráðstefnu um stafræna nálgun í velferðarþjónustu (European Social Services Conference) sem var haldin í Malmö í júní 2023. Verkefnastjóri Velferðarnetsins hélt kynninguna. Kynningin var haldin í þemastofu þar sem þrjú verkefni voru kynnt og pallborðsumræður voru í lok erindanna. Ásamt Velferðarnetinu voru kynningar frá Frakklandi og Svíþjóð. Þema kynninganna var hvernig við vinnum að því að gera stafræna umbreytingu inngilda (e. Making the Digital Transition Inclusive). Góð mæting var á kynninguna og sköpuðust góðar umræður.

Kostnaður: 500 þúsund.



Myndir frá erindinu á ráðstefnunni

1.14 Örkyning á samráðsþingi í Hörpu

Örkyning í formi myndbands um Velferðarnet Suðurnesja á Samráðsþingi um landsáætlun um innleiðingu á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem haldið var í Hörpu 16. febrúar 2023.

Nálgast má myndbandið á forsiðu [vefsíðu Velferðarnets Suðurnesja](#).

Kostnaður: 500 þúsund

Fjárhagsáætlun 2024

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum (SSS) hefur séð um að sækja fjármagn til Stjórnarráðsins fyrir Velferðarnet Suðurnesja. Enn hefur SSS 16 m.kr. sem komu úr aðgerð A.4. í byggðaáætlun vorið 2023. Þróun verkefna haustið 2023 leiðir til þess að sækja þurfi 2-3 m.kr. af þessum 16 m.kr. á núverandi ári (2023).

Til þess að tryggja áframhaldandi vegferð verkefnisins, var sú tillaga lögð fram að Reykjanesbær myndi upplýsa SSS um nauðsynlegt fjármagn til þess að ljúka þeim verkefnum sem eru í farvegi fyrir árið 2023 og óska eftir millifærslu fyrir þeirri fjárhæð fyrir árslok. Annað fjármagn úr byggðaáætlun verður millifært til Reykjanesbæjar í upphafi árs 2024 og mun nýtast til verkefna og launakostnaðar á því almanaksári.

Fjárhagsáætlun Velferðarnets Suðurnesja fyrir árið 2024 er eftirfarandi:

2024	
Kostnaðarliðir	Kostnaður
Laun og launatengd gjöld	11.500.000
Velkomin til Suðurnesja	500.000
Virkniping 2024	1.000.000
SAMTALS	13.000.000